

1871.

2. maí.

31. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um lán til að ljúka við aðgjörð á skólavörðunni í Reykjavík.

Með bréfi, dagsettu 1. febrúar p. á., hafið þér, herra stiptamtmaður, sent hingað bænarskrá, þar sem bæjarstjórnin í Reykjavík sækir um leyfi til, að taka 700 rd. lán fyrir bæjarsjóðinn, til að ljúka við aðgjörð hinnar svo nefndu »skólavörðu« eða *Kriegers Minde* og mælt með, að þetta verði veitt með því skilyrði, sem bæjarstjórnin sjálf hefir stungið uppá, að í næstu 28 ár verði borgaðir 6 af hundrði á ári, bæði sem vextir af láninu og uppí innstæðuna, þannig að lánið að þeim tíma liðnum verði alborgað.

Útaf þessu skal yður kunngjört, yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðið veitir þetta, sem sókt hefir verið um.

12. maí.

32. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um nýja rentuklippinga við ríkisskuldabréf.¹

Í bréfi 1. marz p. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, leitað samþykkis stjórnarráðsins til þess, að þér, með því auglýsing fjárhagsstjórnarinnar 22. septbr. 1859² með öllu er ókunn á Íslandi, hafið veitt landfógetanum, eptir uppástungu hans, heimild til, að láta setja í skýrteini þau til bráðabirgða um það, að konungleg ríkisskuldabréf, sem ganga á Íslandi, sè látin af hendi, til þess að fá nýja rentuklippinga, leiðarvísi handa þeim eigendum að ríkisskuldabréfum, sem hlut eiga að máli, og greiða kostnaðinn við prentun eyðublaða til skýrteinanna, en hann nemur í mesta lagi 8 rd., af því fè, sem veitt er með fjárhagslögunum 1870—71, 20. gr. VI. C. til óvissra útgjalda.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þér birtíð það, að stjórnarráðið fellst á uppástungu yðar.

¹) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, III., 94.

²) „Departementstidenden“ 1859, bls. 651—61.